

FUNDARGERÐ UMHVERFISMÁLARÁÐS BOLUNGARVÍKUR

Fundur var haldinn í Umhverfismálaráði Bolungarvíkurkaupstaðar miðvikudaginn 30. júní 2010, kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Sölvi Rúnar Sólbergsson, formaður, Sunna Reyf Sigurjónsdóttir, Jón Bjarni Geirsson, Roland Smelt og Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 17.00 og bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa. Í upphafi fundar var Jón Bjarni Geirsson kosinn ritari nefndarinnar.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Holtabrún 9.

Umsókn frá Guðrúnu Halldóru Halldórsdóttir og Rúnari Geir Guðmundssyni Holtabrún 9, um leyfi til að byggja skjólvegg og sólpall við húsið samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Erindið samþykkt.

2. Aðalstræti 9a.

Tekið fyrir að nýju erindi frá Önnu S. Jörundsdóttir um breytingar á húseigninni að Aðalstræti 9a sem áður var á dagskrá umhverfismálaráðs 1. júní s.l. Sótt er um breytingar á framhlið hússins þar sem m.a. á að koma fyrir tveimur vöruhúðum.

Umhverfismálaráð fellst á erindið enda verði húsnæðið ekki notað sem bílgeymsla. Einnig óskar ráðið eftir að teikningar er sýna skipulag innanhúss berist því áður en framkvæmdir hefst.

3. Umsókn um lóð við Brjótinn.

Tekin fyrir að nýju umsókn frá Bergi Karlssyni dagsett 9. nóvember s.l. um lóð við Brjótinn neðan við lóð Bakkavíkur, áður á dagskrá 1. desember 2009. Á þeim fundi var afgreiðsla erindisins frestað þar til afstaða hafnarstjórnar lægi fyrir.

Hafnarstjórn tók jákvætt í erindið og samþykkti lóðaúthlutunina að því tilskyldu að

um

hafnsækna starfsemi sé að ræða.

Umhverfismálaráð samþykkir fyrir sitt leyti lóðarúthlutunina og tekur undir með hafnarstjórn að um hafnsækna starfsemi sé að ræða.

4. Lóðir við Sjávarbraut og Grundarstíg.

Lagðar fram tillögur að lóðarstærðum fyrir Sjávarbraut 3, 5, 7 og 9 og Grundarstíg 5 og 7.

Samþykkt að lóðarmörk verði samkvæmt tillögunni, dagsettri 28. júní 2010.

Á grundvelli tillögunnar verði lóðunum við Sjávarbraut 9 og Grundarstíg 7 úthlutað til Fiskverkunar Jakobs Valgeirs ehf. samkvæmt erindi þeirra frá 17. mars s.l. sem tekið var fyrir á fundi umhverfismálaráðs 13. apríl s.l.

Jafnframt verði útbúnir nýir lóðarsamningar fyrir lóðirnar við Sjávarbraut 3, 5 og 7 og Grundarstíg 5 samkvæmt tillögunni.

5. Önnur mál.

Rætt um svæðið ofan Lækjarbryggju að Hafnargötu, skipulag þess og lóðarmörk. Byggingarfulltrúa falið að vinna áfram að málinu.

Fundi slitið kl. 18.45.

Sölvi Rúnar Sólbergsson

Sunna Reyrr Sigurjónsdóttir

Jón Bjarni Geirsson

Roland Smelt

Gísli Gunnlaugsson, byggingarfulltrúi